


Ægissíða II í Rangárþingi ytra

Deiliskipulagsbreyting



Rangárþing ytra



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016 - 2028

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings þann _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

f.h. Rangárþings ytra

Deiliskipulagið öðlaðist gildi í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR EKKI Í KVARÐA

INNGANGUR

Deiliskipulag Ægissíðu 2, Rangárstígur, var samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda þann 27.11.2017. Í ferli er minni háttar breyting deiliskipulags þar sem heimiluð er aðkoma að lóð Rangá veiðihúss, vestan til á lóð nr. 1. Sú breyting hefu ekki tekið gildi í B-deild.

Gerð er breyting á greinargerð skipulagsins skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er veitt heimild fyrir ferðþjónustu á skipulagssvæðinu með allt að 10 gestum á hverri lóð.

GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU

LÝSING DEILISKIPULAGS

Lóðir 1-8
Lóðir á Rangárstíg 1 til 8 eru byggðar, hús er á bilinu 30 - 80 m² auk geymslu á lóð 3. Heimilt er að hafa allt að 80 m² frístundahús og allt að 25 m² geymsluhús á lóð, innan byggingarreits.

Lóð 9

Ný lóð, Rangárstígur 9, nær að bökkum Ytri-Rangár. Áfram verður opið fyrir umferð gangandi meðfram ánni og veiðiréttur mun áfram fylgja jörðinni Ægissíðu 2. Á nýrri lóð, Rangárstíg 9, er heimilt að byggja allt að 120 m² frístundahús, allt að 30 m² gestahús og allt að 20 m² geymsluhús/gróðurhús. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki fara yfir 0,03.

GREINARGERÐ EFTIR BREYTINGU

Lóðir 1-8

Lóðir á Rangárstíg 1 til 8 eru byggðar, hús er á bilinu 30 - 80 m² auk geymslu á lóð 3. Heimilt er að hafa allt að 80 m² frístundahús og allt að 25 m² geymsluhús á lóð, innan byggingarreits. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki fara yfir 0,03. Heimiluð er ferðþjónusta, þ.e. gisting fyrir allt að 10 gesti innan hvers lóðar.

Lóð 9

Ný lóð, Rangárstígur 9, nær að bökkum Ytri-Rangár. Áfram verður opið fyrir umferð gangandi meðfram ánni og veiðiréttur mun áfram fylgja jörðinni Ægissíðu 2. Á nýrri lóð, Rangárstíg 9, er heimilt að byggja allt að 120 m² frístundahús, allt að 30 m² gestahús og allt að 20 m² geymsluhús/gróðurhús. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki fara yfir 0,03. Heimiluð er ferðþjónusta, þ.e. gisting fyrir allt að 10 gesti.

Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum í gildandi skipulagi. Breytingin kemur til með að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif umfram gildandi skipulag þar sem verið er að fjölga atvinnutækifærum og auka þjónustu við ferðamenn n með fjölgun gistirýma en eftirspurn hefur aukist talsvert undanfarin ár.

Að undanskildum þeim breytingum sem fjallað er um hér gilda ákvæði í gildandi skipulagi.



Ægissíða II - Rangárstígur
Rangárþing ytra
Deiliskipulagsbreyting

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
104042	A3	MMR	ÁJ/BRE
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYTT:	
Ekki í kvarða	05.12.2023	---	

SAMÞYKKT:

TILLAGA